

máli þessu til Hæstaréttar með kæru 24. nóvember 1981, sem barst réttinum 25. s. m., en ríkissaksóknari hefur með bréfi 24. s. m. veitt leyfi til kærunnar samkvæmt 1. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974. Krefst vararaðili þess, að dæmt verði, að Ásgeir Friðjónsson, sakadómari í ávana- og fíkniefnamálum, sé vanhæfur til að fara með og dæma mál þetta og að hann skuli víkja sæti í því. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Skipaður verjandi varnaraðilja leitaði ekki í tæka tíð leyfis ríkissaksóknara til að kæra framangreindan úrskurð til Hæstaréttar samkvæmt 1. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 2. og 3. mgr. 174. gr. sömu laga. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Ástæða er til að taka fram, að varnaraðili hefur ekki rennt haldbærum stöðum undir þá kröfu sína, að Ásgeir Friðjónsson, sakadómari í ávana- og fíkniefnamálum, sé vanhæfur til að fara með og dæma mál þetta.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 21. október 1981.

Sjá bls. 1430 að framan.

Mánudaginn 30. nóvember 1981.

Nr. 243/1981. Ákærvaldið
 gegn
 Erni Sigfússyni.

Kærumál. Vanhæfi dómara. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Magnús P. Torfason.

Varnaraðili skaut hinum kærða úrskurði upphaflega til Hæstaréttar með kæru 10. nóvember 1981. Hæstiréttur vísaði því máli frá dómi hinn 16. s. m. Varnaraðili hefur á ný skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 24. nóvember 1981, sem barst réttinum 25. s. m., en ríkissaksóknari hefur með bréfi 24. s. m. veitt leyfi til kærunnar samkvæmt 1. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974. Krefst varnaraðili þess, að dæmt verði, að Þórður Þórðarson, fulltrúi sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum, sé vanhæfur til að fara með og dæma mál þetta og að hann skuli víkja sæti í því. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Skipaður verjandi varnaraðilja leitaði ekki í tæka tíð leyfis ríkissaksóknara til að kæra framangreindan úrskurð til Hæstaréttar samkvæmt 1. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 2. og 3. mgr. 174. gr. sömu laga. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Ástæða er til að taka fram, að varnaraðili hefur ekki rennt haldbærum stoðum undir þá kröfu sína, að Þórður Þórðarson, fulltrúi sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum, sé vanhæfur til að fara með og dæma mál þetta.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 21. október 1981.

Sjá bls. 1432 að framan.
